



Alþingi Íslendinga
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Dagsetning

Tilvísun

Ísafirði, 12. mars 2003

Efni: **Umsögn sýslumannsins á Ísafirði um frumvarp til breytinga á lögum nr. 83/1984, um erfðafjárskatt, með síðari breytingum. Pskj: 471 - mál: 398.**


Sýslumaðurinn á Ísafirði hefur mótttekið bréf efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um erfðafjárskatt. Af því tilefni er send svohljóðandi:

u m s ö g n

Ekki verður í umsögn þessari sérstaklega farið yfir einstakar greinar frumvarpsins en vakin skal athygli á eftirfarandi atriðum sem sýslumaður telur mikilvægt að höfð verði í huga við umfjöllun efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis um frumvarpið.

1. Telja verður óvenjulegt að staða niðja og fjarskyldari ættingja eða jafnvel óskyldra bréferfingja skuli jöfnuð með þeim hætti sem hér er lagt til, enda hljóta ríkar ástæður að liggja að baki uppbyggingu erfðafjárskatts með tilliti til sífjatengsla. Samanburður við önnur lönd hlýtur að leiða í ljós að sífjatensl hafa lækkun erfðafjárskatts í för með sér, enda er skattlagning erfðafjár grundvölluð meðal annars á þeim sjónarmiðum að um yfirfærslu eigna sé að ræða.
2. Annað sjónarmið er styður álagningu erfðafjárskatts er vitaskuld tekjuöflun fyrir ríkissjóð. Söluhagnaður og gjafir eru í meginatriðum skattskyldar auk þess sem fjármagnstekjur bera 10% skatt og gildir einu þóttúið sé að greiða skatt af því fjármagni. Verður að telja lækkun þá sem lögð er til hér ríflega og úr takt við aðra skattlagningu.
3. Þá er andlag skattlagningar sjálfstætt athugunarefni. Nefna má að erfðafjárskattur af hlutabréfum reiknast af nafnverði þeirra en ekki raunvirði og er oft um verulegar fjárhæðir að ræða. Hlýtur því að koma til athugunar að grunnur skattlagningarinnar verði tekinn til endurmats á komandi árum, því augljós munur er á þessu andlagi og öðrum stofni sem erfðafjárskattur er reiknaður af.
4. Loks verður að telja að rannsóknarheimildir sýslumanna og skattstjóra þurfi að vera skýrari, til þess að unnt sé að fylgjast með því að skil erfðafjárskatts séu með réttum hætti og þyrfti að bæta úr þeim ágalla til þess að jafna stöðu gjaldenda skattsins.

Virðingarfyllt


Sigríður Björk Guðjónsdóttir
sýslumaður á Ísafirði